



1636. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
20.12.2017, kl. 11:30

1. Fundargerð 1635. fundar

Samþykkt með fyrirvara um að bætt yrði við lista yfir þá sem fengju viðurkenningar vegna góðs árangurs á árinu 2017.

2. Knattús – skýrsla frá vinnufundi

Lögð fram skýrsla með niðurstöðum vinnufundar um framtíð knattúsa í Reykjavík. Samþykkt að kalla eftir athugasemdum frá fundarmönnum áður en skýrslan verður formlega gerð opinber.

3. Ársreikningar ÍBR

Kynntar hugmyndir að uppsetningu ársreikninga ÍBR í kjölfar fundar með skoðunarmanni og endurskoðendum. Jafnframt kynnt drög að handbók um fjármál ÍBR sem er hugsuð fyrir starfsmenn, hvernig ýmsum málum er varða umsýslu fjámuna og bókhalds skuli háttað.

4. Verðskrár viðburða

Lögð fram tillaga að verðskrár fyrir viðburði ÍBR 2017. Samþykkt með smávægilegum athugasemdum.

5. Jónsmessuhlaup

Farið yfir stöðu mála varðandi aðstöðu fyrir Jónsmessuhlaupið í Laugardal. Ljóst er að einhverjir snertifletir við Secret Solstice tónlistarhátíðina gætu valdið vandamálum fyrir framkvæmd hlaupsins. Fyrir liggur að fundað verður með tónleikahöldurum á næstunni til að fara yfir mögulegar lausnir.

Fundi slitið kl. 13:02.

Frímenn Ari Ferdinandsson ritaði fundargerð.